

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



Reykjavík, 11. apríl 2013
Tilvísun: UST20130100010/mik

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Svínhagi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Svínhagi.

Deiliskipulagstillagan nær yfir 101 lóð af ýmsum stærðum í landi Svínhaga og 4 spildum. Jörðin Svínhagi er 1320 ha að stærð og á land að Rangá á um 8 km löngum kafla. Stór hluti jarðarinnar er lítt gróin hraun en gróður er helst á bökkum Rangár og meðfram Selsundslæk.

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Svínhaga var samþykkt 19. maí 2004. Frá þeim tíma hefur fjöldi breytinga verið samþykktur á deiliskipulaginu. Tillaga að breyttu deiliskipulagi sem hér er til umfjöllunar felur í sér eftirfarandi: Afmörkun skipulagssvæðis er breytt frá áður samþykktu deiliskipulagi þar sem mörk skipulagssvæðis um miðbik svæðisins færast til norðurs og mörk skipulagssvæðisins til vesturs eru sett í lóðarmörk. Við þetta minnkar opið óbyggt svæði sem því nemur. Í stað þess að nefna svæðið Svínhagi er svæðið nefnt Heklubyggd. Númerum og heiti lóða er breytt á þann veg að í stað númera þá er götum gefið heiti og lóðir númeraðar upp á nýtt. Lóðir H40-H42 eru sameinaðar í eina lóð Klettahraun 6.

Í greinargerð kemur einnig fram að skilmálar svæðisins eru endurskoðaðir í breytingartillögunni. Opið óbyggt svæði sunnan Hekluhrauns 10 og 14 (H-50,H52) er reitað upp í spildur og staðsetning tjaldsvæðis og sameiginlegrar grillaðstöðu skilgreind.

Skipulag við vötn, ár og sjó

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14 að: „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m“ Í ofangreindri skipulagstillögu er sýnt aðgengi að ár- og lækjarbökkum á flestum stöðum, þó skortir að sýna aðgengi á norðurbakka Selsundslækjar lóð merkt L-5 og suðurbakka Selsundslækjar lóðir merktar L-1, L-2 og L-3.

Hraun

Deiliskipulag ofangreindrar frístundabyggðar var samþykkt 2004. Ekki hefur verið framkvæmt á á öllum lóðum svæðisins. Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi:

Ofangreint svæði fyrir frístundalóðir liggur á Hekluhrauni. Umhverfisstofnun minnir á 37. gr. laga nr. 44/1999 en þar kemur fram að eldvörp, gervígígar og eldhraun eru jarðmyndanir og vistkerfi er njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur þar af leiðandi mikilvægt að hraunmyndunum á frístundalóðum svæðisins verði hlíft ef þess er nokkur kostur.


Birkikjarr


Í umfjöllun um frístundalóðir svæðisins kemur fram að svæðið R3 – R52 er að mestu gróið og að nyrst á Svínhöfða er birkikjarr, að öðru leyti er ekki fjallað um gróður í greinargerð, nema að skilja skuli lóðir að með gróðursetningu trjáa og runna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að á lóðum þar sem birkikjarr er fyrir séu notaðar íslenskar tegundir. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 kemur fram í gr. 10 um ræktunarsvæði: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar að Svínhaga.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun

